

Foreldraráðsfundur – fyrsti fundur á skólaárinu 2019-2020

Dagsetning og staðsetning:

Foreldraráðsfundur Lundarsels haldinn í kjallara Lundarsels 3. sept 2019, klukkan 14.30-15.30.

Mætt:

Ragna Kristín Jónsdóttir, Selma Dögg Sigurjónsdóttir,
Björg Sigurvinsdóttir og Helga María Þórarinsdóttir.

Fjarverandi:

Ingveldur Sigurðardóttir

Fundarstjórn:

Björg Sigurvinsdóttir.

Fundarritari

Selma Dögg Sigurjónsdóttir

Fundargerð sent til :

Foreldra og starfsmanna með tölvupósti. Sett á heimasíðu leikskólans.

Dagskrá sent til allra fundarmanna:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Aðalfundur foreldrafélagsins 10. sept
3. Starfsáætlun stjórnar
4. Lokunardagarnir
5. Sérkennsluteymi – þróunarstarf í Lundarseli
6. Önnur mál

Fundargerð:**1. Stjórn skiptir með sér verkum**

Lagt til að Ragna verði áfram formaður, Selma áfram ritari og Ingveldur áfram meðstjórnandi. Áhugavert væri að fá einn til viðbótar í hópinn.

2. Aðalafundur foreldrafélagsins 10. September

Sonja Magnúsdóttir talmeinafræðingur kemur á fundinn með áhugavert erindi – Munnurinn er merkilegur – þar sem m.a. verður fjallað um svefn og framburð. Er með facebook síðu sem heitir Matur og munnur þar sem er að finna heilmikinn fróðleik að finna um málþroska barna.

Helga verður með stutt erindi um starfssemi síðasta skólaárs á aðalfundi og segir frá skipulagi núverandi skólaárs. Foreldrafélag er með stutta samantekt á starfssemi þeirra og hvernig aðild að því er háttað. Kosnir verða nýjir aðilar í stjórn foreldraráðs og foreldrafélags.

3. Starfsáætlun stjórnar Foreldraráðs

Reiknað er með 3-4 fundum foreldraráðs á núverandi skólaári (mögulega fleiri ef þörf verður á). Samskipti í gegnum tölvupóst eftir þörfum.

4. Lokunardagarnir

Búið var að áætla 46 stundir fyrir skólaárið. Alls eru 48 stundir sem má nýta í lokunardaga og lagt er til að 2 afgangsstundir verði nýttar þriðjudaginn 21. apríl og að lokað verði þann dag frá kl. 14. Að öðru leiti er reiknað með engum breytingum á áður auglýstum lokunardögum.

5. Sérkennsluteymi – þróunarstarf í Lundarseli

Þróunarverkefni innan Lundarsels þetta skólaárið sem miðar að því að vera með sérkennsluteymi þar sem sérkennsluþörf einstaklinga er mætt á fleiri sviðum (ekki eingöngu bundið við tímafjölda sem viðkomandi hefur fengið úthlutað) og eftir þörfum og hvernig þroska þeirra miðar. Sérkennslustjóri heldur utan um starfið og búið að skipuleggja það vel – allir kennarar bera ábyrgð á öllum börnum.

6. Önnur mál

Björg verður í leyfi í 4 vikur frá og með 9. sept og Helga María verður hennar staðgengill á meðan. Vel mannað í upphafi skólaárs.

Fundi slitið kl. 15:30